



Starfsábyrgðartrygging arkitekta

Vátryggingarskilmálar nr. AP35

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. AP35.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Ábyrgðartími
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Greiðsla iðgjalds
7. Endurgreiðsla iðgjalds
8. Vátryggingarfjárhæð
9. Eigin áhætta
10. Vísitala
11. Staða tjónþola við tjón
12. Meðferð bótakrafna
13. Tvítrygging
14. Lok vátryggingar
15. Fyrning

1. Vátryggður

Vátryggður er sá sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi.

3. Ábyrgðartími

- 3.1. Vátryggingin tekur til skaðabótakröfu á hendur vátryggðum er til stofnast á vátryggingartímabilinu án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.
- 3.2. Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:
 - 3.2.1 Tjónþoli gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggðum eða félaginu.
 - 3.2.2 Vátryggðum verður fyrst kunnugt um að viðskiptamaður hans hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem gæti fallið undir

vátryggingu þessa og kunnur að verða rakið til gáleysis vátryggðs, eða að bein hætta sé á að slíkt tjón verði.

- 3.3 Skaðabótakröfu samkvæmt gr. 3.2 sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir félagið ekki hafi tjón komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en vátryggingartímabilið hófst.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 4.1 Almennt fjártjón viðskiptamanns vátryggðs er leiðir af gáleysi hans í starfi því sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Vátryggingin bætir ekki:

- 4.2 Kostnað er verður vegna vinnu sem inna þarf af hendi til þess að komast að raun um orsakir tjónsatviks eða bæta úr ágöllum sem leiddu til atviksins þar á meðal vinnu við endurútreikning, endurhönnun eða endurbætur á verklýsingu eða gerð áætlunar í því skyni að bæta úr tjóni.
- 4.3 Tjón sem frjáls ábyrgðartrygging atvinnurekstrar tekur til þ.e. líkamstjón eða skemmdir á munum.
- 4.4 Tjón sem fellur á vátryggðan vegna verktakastarfsemi eða smíða á hans vegum eða vegna þess að hann selur eða afhendir efni eða aðra hluti.
- 4.5 Tjón vegna þess að vátryggður hefur umsjón með eða sér um rekstur á fasteign ef sú starfsemi er ekki í tengslum við verkefni sem vátryggður tekur að sér.
- 4.6 Tjón vegna þess að vátryggður tekur sem eignaraðili þátt í byggingarframkvæmdum.
- 4.7 Tjón þegar notað er nýtt óreynt efni, ný óreynd hönnun, vinnuaðferð eða útbúnaður sem að áliti viðurkenndra sérfræðinga þótti ekki varlegt að nota þegar ákvörðun um notkun var tekin, þegar hönnun fór fram eða þegar tjón bar að höndum.
- 4.8 Tjón sem lögboðnar starfsábyrgðartryggingar taka til.
- 4.9 Sektir og önnur viðurlög sem falla á vátryggðan.
- 4.10 Tjón sem hlýst af vélknúnu ökutæki, skipi eða loftfari.



- 4.11 Kostnað við að endurnýja skjöl sem hafa glatast, mislagst eða eyðilagst.
- 4.12 Tjón vegna verkefnis sem vátryggður tekur þátt í sem samstarfsaðili nema félaginu hafi áður en verkefni hófst borist tilkynning um samstarfið, en félagið ber þó aldrei frekari ábyrgð en sem nemur hlutdeildarþáttöku vátryggðs.
- 4.13 Tjón vegna gáleysis vátryggðs við eftirlitsstörf nema hann sanni að þeim hafi verið sinnt á venjulegan og eðlilegan hátt.
- 4.14 Hvers konar afleidd tjón, einkum rekstrartjón og annað tjón, er hlýst af því að hlutur, sem skemmist eða fer forgörðum, varð ekki notaður á þeim tíma eða með þeim hætti, sem ráðgert hafði verið.
- 4.15 Tjón sem rekja má til fjárhagslegra ráðlegginga vátryggðs.
- 4.16 Tap eða tjón sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta af:
- 4.16.1 Áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja.
- 4.16.2 Umsjón með eða ráðgjöf um áhrif tímaskráninga á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra.
- 4.16.3 Eftirlit, viðurkenningu, ákvörðun, staðfestingu eða áritun um aðstæður þar sem áhrif tímaskráninga á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra skipta máli (þ.m.t. en þó ekki takmarkað við, störf framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og endurskoðenda að verkefnum sínum).

Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar.

Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þessa hvoru tveggja.

Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t., en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).

Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra og hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli á tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Greiðsla iðgjalds

- 6.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 6.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða umsamda vátryggingarfjárhæð.

8. Vátryggingarfjárhæð

- 8.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins vátryggingaratburðar.
- 8.2 Heildargreiðsla félagsins vegna allra vátryggingaratburða innan sama vátryggingartímabils getur aldrei orðið hærri en fram kemur á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 8.3 Félagið greiðir kostnað, sem eðlilegt er að vátryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti, sem vátryggðum ber að greiða af skaðabótakröfu, sem vátryggingin tekur til.



8.4 Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en skaðabæturnar, er félaginu aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar, er svarar til bótafjárhæðar þeirrar, sem því ber að greiða.

9. Eigin áhætta

9.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

9.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.

10. Vísitala

Váttryggingarfjárhæðir breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á byggingavíðstölu. Iðgjald og eigin áhætta breytast á sama hátt.

11. Staða tjónpóla við tjón

11.1 Ef váttrygging tekur til tjóns váttryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónpóli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og váttryggðum er skylt að upplýsa tjónpóla um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.

11.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það váttryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir váttryggðan.

11.3 Nú tilkynnir tjónpóli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn váttryggðum. Skal félagið tilkynna tjónpóla um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.

11.4 Um stöðu tjónpóla að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

12. Meðferð bóta krafna

12.1 Váttryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.

12.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna váttryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

12.3 Váttryggðum er skylt að aðstoða félagið án endurgjalds við að bæta úr tjóni er rakið verður til orsaka sem hann ber ábyrgð á með því að:

12.3.1 gera útreikninga, verkáætlanir eða framkvæma hönnun eða vinna önnur þvílík verk sem til þess eru nauðsynleg og

12.3.2 gera ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna úrbótanna þar á meðal að hafa venjulegt eftirlit með vinnu við að draga úr eða bæta úr tjóni.

13. Tvíttrygging

13.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

13.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 13.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

14. Lok váttryggingar

Váttryggingin fellur sjálfkrafa úr gildi, hafi réttindi váttryggðs til að gegna starfi því sem tilgreint er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, fallið niður.

15. Fyrning

Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006